

Nd.

41. Tillaga

til þingsályktunar um ríkisábyrgð fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 200 þús. kr. lán fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar, gegn þeim tryggum, er ríkisstjórnin metur gildar.

G r e i n a r g e r ð .

Þessi tillaga er flutt eftir ósk hreppsnefndarinnar í Hólshreppi.

Ábyrgðarheimildin hefir áður verið veitt af Alþingi, og þá jafnframt samskonar heimild fyrir Ísafjarðarkaupstað til rafvirkjunar þar. Ábyrgðarheimildin fyrir Ísafjörð var endurveitt á síðasta þingi, sem réttmætt var, en aftur á móti ekki fyrir Hólshrepp, sem var hin mesta rangsleitni. Er hér um fyllstu hliðstæður að ræða. Báðar þessar fyrirhuguðu rafvirkjanir eru áætlaðar og undirbúnar af sömu sérfræðingunum, og báðar taldar af þeim öldungis örugg fyrir-tæki, ef takast mætti að fá hagkvæm lán til þeirra, sem lítt er hugsanlegt án ríkisábyrgðar.

Í því trausti, að ríkissjóður veitti á sínum tíma ábyrgðina, sem Alþingi hafði heimilað, hefir Hólshreppur látið vinna mikið verk til undirbúnings rafvirkjun sinni, og varið til þess 20—30 þúsund krónum, sem er tapað fé, ef ekki getur orðið framhald á. Það væri og einkar hagkvæmt fyrir bæði þessi sveitarfélög, Hólshrepp og Ísafjarðarkaupstað, að geta látið virkjanirnar fylgjast að, því að vafalaust má spara mikið fé á því að fela hinum sömu mönnum framkvæmdirnar.